

## Félag pípulagningameistara gengur í Samtök iðnaðarins



- Sjá umfjöllun og myndir á bls. 3

## BYKO Leiga nú með nýjar höfuðstöðvar á Selhelli 1 í Hafnarfirði

BYKO Leiga á sér langa sögu og hóf starfsemi undir nafninu Hörkutól í maí árið 1988 þegar BYKO opnaði glæsilega verslun við Skemmuveg, í því húsnæði sem hýsir lagnadeild BYKO í dag. Fljótlega var útibú Hörkutóls opnað í flestum verslunum BYKO og er Leigan enn í dag með útibú í öllum verslunum BYKO og er stefnan að efla útibúin áfram eins og gert hefur verið undanfarin ár. Árið 2004 var starfsemi Leigunnar stækkuð til muna og opnaði þá undir nafninu Leigumarkaður BYKO, bæði var stóruakið úrval verkfæra ásamt því að byrjað var með grófvöruluta

- Sjá framhald greinar á bls. 6

Frá Aðalfundi Félags  
pípulagningameistara  
- Sjá bls. 4&5

Spennandi námskeið  
í boði hjá **ÍÐUNNI**  
fræðslusetri - Bls. 10&11



## Verslun Ísleifs Jónssonar á Smiðjuveginn

Í lok júní opnaði Ísleifur Jónsson tímabundið sýningarrými að Smiðjuvegi 68 í Kópavogi. Um tímabundna staðsetningu er að ræða. Framtíðarstaðsetning verður kynnt þegar að því kemur. Nýja staðsetningin er við hlið Vatns & veitna og er opnunartími nú frá 07:30-18:00 virka daga og á föstudögum til 17:00. Vöruhús Ísleifs Jónssonar hefur einnig fengið tíma-bundið aðsetur við Smiðjuveg 3. Ísleifur Jónsson er þekkt gæðaverslun sem hefur lengi skipað sér sess meðal vandlátra. Ísleifur býður sem fyrr upp á allt sem viðkem-

ur þaðherberginu og hreinlætistækjum. Ísleifur Jónsson fagnaði 101 starfsári sínu í ár en hjá þessu gamalgróna fyrirtæki hafa starfað 5 kynslóðir. Hjá Ísleifi er gríðarleg þekking og reynsla þegar kemur að vali á hreinlætistækjum. Áherslan er nú sem endranær lögð á gæðavörur frá þekktum framleiðendum. Meðal helstu vörumerkja sem Ísleifur Jónsson selur má nefna Hansgrohe, Axor, Duravit og Tece. Auk þess að bjóða upp á helstu vörur á lager býður Ísleifur Jónsson einnig upp á sérpantanir en afhending þeirra tekur yfirleitt um 2-6 vikur.

SAMAN Í  
60 ÁR

BYKO

Nýja kynslóðin í sturtuklefum! Engar skrúfur, ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi með smellukerfi  
60x60 cm og 90x90 cm  
\*Þöndumarkaki séð á sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is  
Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14

INNRETTINGAR & TÆKI



## Þrjú kennarar frá Pípudeild Tækniskólans voru í heimsókn hjá BBS Technik 1 Tækniskólanum í Þýskalandi – Samræmt námsefni er nú í undirbúningi

Áð lokinni vorferð með Tækniskólanum til Danmerkur fóru 3 kennarar Pípudeildar Tækniskólans, Böðvar, Gunnar og Magnús áfram til Þýskalands til að skoða Tækniskólann BBS Technik 1 sem staðsettur er í Ludwigshafen. Í undirbúningi er 3ja ára samstarf milli kennara Íslands og Þýskalands þar sem hanna á kennsluefni fyrir pípara sem nýtast á báðum þjóðum. Horfa þarf til fjögurra þátta sem eru: Sjálfbærni, menningarmunur, aðlögun erlends vinnuafis á meðal okkar og gagnkvæmur lærdómur þar sem skipts verður á tæknipækkingu milli þjóða. Áð 3 árum liðnum þegar búið er að hanna kennsluefnið verður næsta skref stigið sem felst í því að fara út með nemendum. Viðhorf til orkumála í Þýskalandi hafa gjörbreyst eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu þar sem Þjóðverjar eru háðir gasi frá Rússlandi til að t.d. kynda upp húsin sín. Víða um Þýskaland er verið að reisa upp vindmyllur til að framleiða rafmagn ásamt því að finna aðra orkugjafa fyrir komandi vetur.

Þó svo að góður vilji sé fyrir hendi varðandi umrætt samstarf þá veltur þetta allt á þróun heimsmála, stríði, óðaverðbólga, komandi hausti og þess háttar vangaveltum.

Í janúar 2023 fáum við svo heim-sókn kennara frá Þýskalandi – auf wiedersehen.

*Til hægri eru Magnús og Gunnar grímukleddir eins og vera ber. Að neðan t.v. Böðvar Ingi Guðbjartsson, kennari og formaður FP gaumgæfir gasmæli. T.h. er hefðbundin kennslugrind í lögnum.*



**Hágæða vinnuföt í miklu úrvali**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

**Snickers WORKWEAR**

DUNDERDON

Miklú úrval af öryggisvörum

uvex, ALFA, OTEX, THE BOARD, Honeywell, Hilti

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO** Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

**Fréttapíp**  
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.  
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.



# Félag pípulagningameistara gengur í Samtök iðnaðarins



Pann 13. júní var samningur um aðild Félags pípulagningameistara að Samtökum iðnaðarins undirritaður í Húsi atvinnulífsins. Til undirskriftarinnar var boðað í kjölfar Stjórnarfundar hjá SI, þar sem aðild FP að SI var samþykkt. Við þetta tækifæri flutti Árni Sigurjónsson, formaður SI, ávarp, bauð FP félaga velkomna til liðs við Samtök iðnaðarins og vænti mikils af þátttöku félagsins í starfi SI. Þá flutti Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI stutt ávarp.

Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara, tók einnig til máls og sagði m.a.: „Eins og rætt var um í aðdraganda þessara tímamóta og kom glögglega fram í stefnumótun Félags pípulagningameistara 6. nóvember 2021, þá ætlum við í FP sem félag að svara spurningunni „Er hagsmunun FP betur borgið innan eða fyrir utan SI?“ sagði Böðvar Ingi. „Við sem félag ætlum að gefa þessu tækifæri næstu tvö árin og því er mjög brýnt að allir félagsmenn máti sig inn í SI og nýti þá innviði sem bjóðast félagsmönnum SI. Nú þegar hafa fjölmargir félagsmenn FP sett sig í samband við SI varðandi ýmis hagsmunamál,“ sagði Böðvar Ingi að lokum. Á myndinni hér neðst á síðunni sjáum við gesti sem viðstaddir voru athöfnina.

**Á myndinni að ofan eru stjórnarmenn Félags pípulagningameistara, ásamt formanni og framkvæmdastjóra Samtaka Iðnaðarins við undirskrift samningsins í Húsi atvinnulífsins.**

**Á myndinni eru t.f.v.: Magnús Björn Bragason, FP, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, Sviðsstjóri Mannvirkjasviðs SI, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Reynir Helgason, FP, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, Kári Samúelsson, FP, Almar Gunnarsson, FP, Ársæll Páll Óskarsson, FP.**



**Árni Sigurjónsson, formaður SI, t.v. og Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, takast í hendur að lokinni undirskrift samningsins.**



**Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI flytur ávarp.**



**NÝTT!**

## BOS GEYMSLUGÁMAR OG SKEMMUR

Hinir vinsælu BOS geymslugámar altur fáanlegir á Íslandi. Líttir og fljótlegir í uppsetningu, tveir menn 5 mínútur. 10 ára ábyrgð á gámunum gegn tæringu. Aðvæld uppsetning – engin þörf á verkfærum. Sýningargámar á staðnum. Þýsk gæðavara. Bjóðum einnig vöruskemmur af ýmsum stærðum frá BOS.

Fullu samband 568 0100

**Stólpi Gámar**

GAMASALA - & LEIGA - Öseyrarbraut 12 - 220 Hafnarflói - Sími 568 0100 - www.stolpigamar.is

## DÆLUR Í FREMSTA GÆDAFLOKKI



GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAD ER TENGI

[www.tengi.is](http://www.tengi.is)

☎ Kópavogi ☎ 414 1000 | Akureyri ☎ 414 1000 | Selfossi ☎ 414 1040



**GRUNDFOS**


# Fréttir frá Aðalfundi Félags pípu- lagningameistara 2. apríl 2022



Félag pípulagningameistara boðaði félagsmenn sína til Aðalfundar laugardaginn 2. apríl s.l.

Að þessu sinni var Aðalfundurinn haldinn á Hótel Örku í Hveragerði; og þannig haldin sú venja að bregða sér út fyrir Reykjavíkursvæðið með fundinn og jafnframt eiga notalega helgi með makanum.

Að venju fjölmennu félagar á fundinn sem hófst stundvíslega kl. 15:00 þegar Böðvar Ingi Guðbjartsson steig í fundarpontu og bauð félagar FP hjartanlega velkomna. Gerði hann að tillögu sinni að Trausti Guðjónsson yrði fundarstjóri.



## OLÍUSKILJUR OG ROTPRÆR

Ístensk hönnun, framleiðsla og gæði.

**BORGARPLAST 50**  
1971-2021

Fráveitulausnir og ker: Völuveg 31, 270 Mosfellsbæ. Sími: 561 2211  
Húselhagrun og frauðkassar: Grændsbraut 501, 262 Reykjanæsbæ. Sími: 561 2210



Var það samþykkt samhljóða. Trausti Guðjónsson steig í pontu þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins.

Fyrstan boðaði hann í pontuna Böðvar Inga Guðbjartsson, formann FP til að flytja skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2021-2022. Böðvar Ingi hóf mál sitt og byrjaði á að fara yfir góða fjölgun í félaginu á liðnu starfsári, en alls 16 nýir félagsmenn gengu þá til liðs við FP. Það hann nýja menn sem viðstaddir væru á fundinum að rísa úr sætum og fengu þeir gott lófaklapp frá félögnum.

Óflugt starf var innan félagsins á árinu. Alls voru haldnir nú stjórnarfundir og margir óformlegir fundir og vinnufundir, ásamt miklum samskiptum inn á messenger.

Fram kom hjá Böðvari Inga að loksins er búið að selja orlofs-hús félagsins á Spáni og hafa ekki orðið eftirmálar af þeim gjörningi.

Þá flutti félagið aðstöðu sína að Stórhöfða 29 í Reykjavík; afskaplega huggulegt og hjart húsnaði. Ákveðið var að ferðast ekki enn eina ferðina með gömlu húsgögnin og var skrifstofan því mublurud upp með ljósum og litríkum húsgögnum. Þá var settur upp öflugur tölvubúnaður.

Íslandsmót iðn- og verkgræina, ásamt Eruoskills var blásið af og ákveðið að bíða fram á árið 2023. Heimasiðan, piparinn.is, er mjög virk og félagatalið þar í stöðugri uppfærslu.

Áfram var unnið að réttindamálum í sambandi við löggildingu félagsmanna í samstarfi við lögfræðistofuna Mörkina. Hafa

verið send út bréf til nokkurra fyrirtækja sem hafa verið með starfsemi án þátttöku löggilts meistara.

Einnig var unnið að ýmsum öðrum málum, eins og skráningu merkis félagsins hjá Hugverkastofu, samstarfi við Advania ef kemur til kosninga vegna SI og SA aðildar, vegna mennta- og skólamála, svo eitthvað sé upptalið.

Næstur kom í pontu Kári Samúelsson og fór yfir reikninga FP og Sjúkrasjóðs, sem voru svo samþykktir samhljóða. Fram kom að enginn styrkur var greiddur úr Sjúkrasjóði á síðasta ári.

Einnig lagði Kári Samúelsson fram Fjárhagagætlun fyrir starfsárið 2022-2023. Var hún samþykkt samhljóða.

Næstur kom í pontu Ægir Eyberg og fór yfir fyrirbyggjandi laga-breytingar. Voru þær samþykktar samhljóða.

Þessu næst var gert hlé til kaffidrykkju og neyslu kruðerís. Eftir kaffihlé var komið að kosningu stjórnar. Fyrst var gengið til kosningar formanns. Böðvar Ingi Guðbjartsson var einn í framboði og var hann kjörinn einróma með lófataki. (Sjá mynd af nýrri stjórn á bls. 5).

Næst tóku menn að fjalla um inngöngunmál í SI og SA og voru umræður fjörugar og málefnalegar. Böðvar Ingi hvatti félagsmenn til að tjá sig um málin. Ákveðið var að efna til kynningarfundar um málið. Þá var m.a. fjallað um niðurstöðu af Stefnumótunarfundi, sem m.a. gaf af sér kjörorðin: Sam-staða – Hagsmunir – Sýnileiki. Rætt um tengslin við IDUNA og verðlagningu námskeiðanna til félagsmanna FP. Fundi slitið.



**Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, flutti skýrslu stjórnar.**



**Kári Samúelsson, gjaldkeri FP, fór yfir reikninga félagsins.**



**Trausti Guðjónsson sá um fundarstjórn.**



**Ægir Eyberg Helgason fór yfir lagabreytingar.**



**Almar Gunnarsson er stjórnarmaður í FP.**

## KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ

TYROLIT DME33UW  
kjarnaborvél  
450mm

TYROLIT DME20PU  
kjarnaborvél  
180mm

TYROLIT WSE1621 veggisög  
20kW - Sögunardýpt: 70cm

TYROLIT FSG513P gólfsög  
Sögunardýpt: 19,5cm

TYROLIT

TYROLIT  
kjarnaborar



TYROLIT steinsagarblöð

MHG  
VERSLUN

Víkurhvarfi 8 - 203 Kópavogi  
Sími 544 4656 - www.mhg.is

# BYKO Leiga nú með nýjar höfuðstöðvar á Selhelli 1 í Hafnarfirði



Teiknaða myndin til vinstri sýnir vinnutillögu að framhlið nýrrar verslunar BYKO Leigu. Að ofan: BYKO Leiga – bakhlið hússins á Selhelli.



Sinoboom lyftur er nýtt merki á Íslandi.



BYKO Leiga var á Verk og vit 2022.



Vöruhús BYKO Leigu á Selhelli.

## – Framhald greinar af forsiðu

Leigunnar sem inniheldur meðal annars vinnupalla, steypumót, undirsláttarefni, vinnustaðagirðingar o.fl. Fram til þessa dags hafa þessir tveir hlutar verið aðskildir, þ.e. tækjahlutinn og svo grófvörulutinn, en nú horfir til betri vegar í þeim efnum. BYKO Leiga mun opna nýja starfsaðstöðu á Selhelli 1 í Hafnarfirði. Grófvörulutinn er nú þegar kominn á staðinn og hefur afgreiðsla þeirra vara nú þegar hafist á nýjum stað. Áður vorum við á Þórðarhöfða með þann hluta og eru síðustu vörurnar farnar þaðan. Til viðbótar þeirri starfsemi sem var áður á Þórðarhöfða munum við opna vöruhús á Selhelli, sem mun bæði hýsa ýmsar söluvörur leigunnar, bæði núverandi og nýjungar og einnig mun BYKO færa allan lager á gluggum og hurðum á Selhelli, bæði það sem er á lager og einnig sérpantánir. BYKO Leiga mun jafnframt opna á næstu vikum nýja verslun, verslun BYKO Leigu. Hugmyndin á bakvið þá verslun er margþætt en byggir í grunninn á þeirri hugmyndafræði að veita viðskiptavinum val þegar kemur að tækjum og búnaði. Við þekkjum það vel í vöruflokkum eins og steypumótum og vinnupöllum þar sem viðskiptavinur gengur oft út með þrjú tilboð, verð í nýtt efni, verð í notað efni og svo verð í leigu. Á endanum tekur viðskiptavinur þá ákvörðun sem hann telur henta sér best og reynum við að hjálpa til við að finna út besta kostinn. Þó svo okkar markmið sé að auka almennt hlutfall leigu á Íslandi í þeim flokkum sem við erum með þá eru viðhorf lengi að breytast og sumir vilja einfaldlega frekar eiga sitt og við setjum okkur að sjálfsögðu ekki upp á móti því. Okkar verkefni er að fræða og upplýsa og trúum við því að með auknum umhverfisáherslum, aukinni umræðu um nýtingu og hringrásarhagkerfið, að fleiri og fleiri muni sjá kosti þess að leigja, en vissulega er það okkar verk að gera leigu aðgengilegri og auðveldari fyrir fólk, þar er margt í pípunum. Nýja verslunin mun leggja áherslu á að selja eða leigja tæki og tól og jafnframt selja úrval aukahluta fyrir rafmagnsverkfæri, vera með gott úrval af festingum, þéttiefnum og fleiru í þeim dúr. Það má líta á þetta sem sérvörverslun í tækjum og tólum til leigu og sölu. Við munum leggja sérstaka áherslu á vörumerkið BOSCH í rafmagnsverkfærum á Selhelli, BYKO hefur flutt þetta vörumerki inn í mörg ár en þarna munum við gera því hærra undir höfði sem og í öðrum verslunum BYKO. BOSCH hefur ráðið viðskiptastjóra á Íslandi sem mun hjálpa okkur að koma þessu flotta vörumerki á þann stað sem það á heima. Þarna verður þjónustuverkstæði í hæsta gæðaflokk sem sinnir bæði

tækjum Leigunnar sem og tækjum viðskiptavina. BYKO Leiga ætlar að breikka og auka verulega framboð og úrval í lyftum og munum við vera með Sinoboom og Bravi lyftur sem eru allar rafhlöðu. Í byrjun verða minni lyftur í boði en eftir því sem tækninni fleygir fram þá munu rafhlöðudrífna lyftur verða stærri og eru ýmsar nýjungar að koma jafnvel á þessu ári. Ýmsar aðrar vörur verða í boði eins og Honda aflvélur, Böckmann kerrur, Master blásarar og loftgæðataeki o.fl. o.fl. Starfsstöð BYKO Leigu í Breidd mun starfa áfram og í raun eflast því við færur verkstæði og fleira út á Selhelli og því mun Leigan í Breidd geta einbeitt sér að útleigu tækja og tóla. Sjá nánari upplýsingar á [www.byko.is](http://www.byko.is).

## Lifraoen hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI með síu yfir 90% hreinsun	DNE2CLEAN HREINSISTÖÐ allt að 99% hreinsun
<ul style="list-style-type: none"><li>• Stærðir 3-600 persónuvinnugar</li><li>• Ekki er rafhlöðu</li><li>• Meira en 2ja þrepa hreinsun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stærðir 3-1500 persónuvinnugar</li><li>• Hreinsun 99% (þvíveggja)</li><li>• Getur hreinsað eColi allt að 99.9%</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Þægilega í uppsetningu og við viðhald</li><li>• Tveir samantals, heilsóðin, heili o.fl.</li><li>• Lager tiltekið – fyrirtækið</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Minni pláss fyrir vöru</li><li>• CE vottað</li><li>• Uppfylla kröfur SI hreinsunar á vörumerkið svablaun til við þægilegustu</li></ul>

**HVAMMSHÓLAR**

SIGURDUR VÍÐÓD HALLODRESSON PÍPULAÐNINGAEMEISTARI | +354 668 4095 | SIGUR@HVAMMSHOLAR.IS



# Stjórn Félags pípulagningameistara er þannig skipuð starfsárið 2022-2023

Kári Samúelsson, gjaldkeri. Ársæll Páll Óskarsson, ritari. Almar Gunnarsson, varaformaður. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður. Sigurður Reynir Helgason, varamaður í stjórn. Magnús Björn Bragason, meðstjórnandi.

## Kjarasamningar FP og Samiðnar renna út 1. nóv. 2022

Fréttapíp spjallaði aðeins við Böðvar Inga eftir undirskrift og inngöngu FP í Samtök iðnaðarins. Böðvar Ingi sagði spennandi tíma og mikla vinnu framundan hjá félaginu. Meðal annars nefndi hann að Kjarasamningur milli Samiðnar og Félags Pípulagningameistara rennur út 1. nóvember 2022. Samtök atvinnulífsins (SA) munu nú fyrir hönd FP semja við Samiðn í næstu kjaraviðræðum. Þetta er auðvitað töluverð breyting að fá SA til liðs við félagið þar sem félagið hefur ekki fengið að koma að samningarborðinu svo árum skiptir. Kjaranefnd FP verður kölluð til í ágúst og eru allar ábendingar félagsmanna vel þegnar varðandi þau atriði sem þeir vilja láta kanna betur og snúa að kjaramálum. Hvetur Böðvar Ingi félagsmenn FP til að hafa samband sem fyrst um hverskonar ábendingar varðandi samningamálin.

### Leica Lino L6G-1 3×360° Laser

L6G-1 er vinsælasti laserinn hjá okkur og hefur reynst viðskiptavinum okkar einstaklega vel.

Með fínstilliskrúfunni er hægt að snúa lasernum örfáa millimetra og því stilla línurnar af með mikilli nákvæmni á einfaldan máta.



**Verð: 95.000kr + vsk**

**Leica**  
Geosystems



verkfaerief.is 544-4210 sale@verkfaerief.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

### VIÐ ERUM GÓDIR Í VARMA



SABIANA

#### Vatnshitablásarar

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvætn
- Element með stálrumum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hjóðlátir



**VARMA & VÉLAVERK EHF.**

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071  
vov@vov.is www.vov.is

 **Bubbi Pípari ehf.**  
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði  
**GSM 897 7946**  
bubbipipari@simnet.is

 **AGS Pipulagnir**  
Guðmundur Sigurðsson  
Löggtur pípulagningameistari  
834 8090  
ags@ags.is  
AGS Pipulagnir ehf.  
www.ags.is



 **Gaui píp ehf**  
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík  
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

 **RÖRLEGGJARINN ehf.**  
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík  
GSM 820 9396 - rorleggjarninn@gmail.com

 **SP pípulagnir ehf.**  
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585  
sigurdur.pipari@gmail.com

 **PÍPULAGNIR**  
Fagmennska – Fæmi - Frumkvæði  
srr@iav.is - GSM: 660 6201

 **S.O.S. lagnir ehf.**  
S.Ó.S. lagnir ehf.  
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is  
**GSM 693 9000**

 **Lagnabræður ehf.**  
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði  
**GSM 663 7200**  
postur@lagnabraedur.is

 **Lagnabræður ehf**

 **Pípulagna VERKTAKAR ehf**  
Miðhrauni 18 – 210 Garðabæ  
pv.is – pv@pv.is

 **HS pípulagnir ehf.**  
Smiðjuvegur 4  
200 Kópavogi  
GSM 894 0088  
hspip@hive.is

 **Vatn og pípur ehf.**  
Sigurður Úlfar Sigurðsson  
pípulagningameistari  
Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi  
**GSM 788 0044** - vatnoggpipur@gmail.com

Flugumýri 30 – Mosfellsbæ  
**GSM: 771 7100**  
sigurdur@kraftlagnir.is

 **KRAFTLAGNIR ehf.**  
pípulagningaverktakar

**BENNI PÍPARI**  
Löggiltur pípulagningaverktaki  
842-6000  
Bólafæti 9 – 260 Reykjanesbæ – bennipipari@bennipipari.is

 **lagnaafl**  
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
Almannakór 6 – 203 Kópavogi  
**GSM 856 5525** – hjolli@lagnaafl.is

 **GK ÞJÓNUSTA**  
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari  
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi  
**GSM 869 3164** - gkthjonusta@gmail.com

 **AH PÍPULAGNIR**  
**AH pípulagnir ehf.**  
- Suðurhrauni 12c  
- 210 Garðabæ  
- Sími 555 7012  
- **GSM. 822 7100**  
andres@pipulagnir.is

 **H<sub>2</sub>O LAGNIR**  
Laxatungu 136 - 270 Mosfellsbæ  
**GSM 662 3235** - h2olagnir@gmail.com

 **PÍPULAGNIR SAMVÆLS & KARA EHF.**

**Pípulagnir**  
**Elvars G Kristinssonar ehf.**  
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík  
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

 **B. Markan ehf. Pípulagnir**  
660 6690  
Kvísartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is

 **LAGNAVIRKJUN ehf.**  
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI  
Bæjargil 63 - 210 Garðabær  
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

 **FLÆÐI Pípulagnir ehf.**  
Svæði 620 Dalvík  
Sími: 466 1401  
GSM: 898 5524  
maggisvaedi@simnet.is  
MAGNÚS A. MAGNÚSSON  
PÍPULAGNINGAMEISTARI

 **PRESS LAGNIR EHF.**  
**Presslagnir ehf.**  
Funafold 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

 **RENNSLI ehf.**  
pípulagnir • sími 696 8054  
Akralind 1 - 201 Kópavogur  
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

 **GGLAGNIR ehf. PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**  
stofnað 1988  
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870  
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

 **STOFNLAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**  
**Stofnlagnir ehf.**  
Fossaleyni 16 - 112 Reykjavík  
**GSM 660 0499** - wc@islandia.is

 **HÚSALAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**  
**Húsalagnir ehf.**  
Pípulagningaþjónusta  
Gylfahlöt 20 -  
112 Reykjavík  
GSM 893 3632  
husalagnir@simnet.is





Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
kromoghvitt@simnet.is



**FossLagnir ehf.**  
**PÍPULAGNIR**

Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi  
GSM 894 1576 - fosslagnir@hotmail.com



Bæjarflöt 8A - 112 Reykjavík  
GSM: 893 9110 - meistaralagnir@gmail.com

**JOHNNY PÍPARI**

Mávanesi 13 - 210 Garðabæ  
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com



Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870  
Netfang stefanbr@simnet.is



Jóhannes Gylfi Ólafsson  
löggtur pipulagningameistari

**8616688**

johannesgylfi@icloud.com

Nýlagnir Endurlagnir Viðhald  
Ástandskönnun Skolpmyndavél Hitamyndavél Stíflulosun



**Mjög lagnir ehf.**  
Kópavogsbraut 62  
200 Kópavogi  
GSM 661 3338  
& 853 0273  
mjoglagmir@gmail.com

**MJÖG LAGNIR**

**Lagnagæði ehf.**  
Kvístatunga 29  
270 Mosfellsbæ



**Lagnagæði**

Arnór Davíð Pétursson  
GSM: 618 4131  
arnor@lagnagaedi.is



**JÓ Lagnir**

**Óskar Friðbjörnsson**  
Smíðjuvegi 11  
200 Kópavogi  
GSM: 897 4300  
jolagnir@simnet.is



**PípuLeggjarinn**

Alltaf hress - Til í allt!

Nýlagnir - Breytingar - Viðhald - Gaslagnir  
Símar: 897 8775 - 775 2111 - pipuleggjarinn.is



**Villi pípari ehf**

GSM: 8240434

Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is

**GG Lagnir**

Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði  
GSM 894 2774 - gxx@simnet.is



Birkiteig 7 - 230 Reykjanesbæ  
bladropinn@gmail.com  
GSM 846 4627

**Tröllalagnir ehf.**

Jón Auðunn Sigurjónsson  
pípuagningameistari  
Auðnukór 3 - 203 Kópavogur  
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

**MÍÐSTÖÐIN**

Míðstöðin Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar  
Sími 481 1475  
midstodin@midstodin.is



PÍPULAGNIR OG GAS

Allar almennar gas- og pípuagnir  
Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki

616 9611 eviljar@eviljar.is www.eviljar.is



**vatnsidnadir.net**

Gagnagrunnur - Þekking - Saga

vatnsidnadir@vatnsidnadir.net



Smíðjuvegi 68 - 72 Kópavogi  
Bolafæti 1 Reykjanesbæ



ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IDAN  
fræðslusetur

**Grundfos dætur:** Þetta námskeið er ætlað pípulagninga-  
mönnum, hönnuðum og öðrum sem annast húsumsjón.  
Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um virkni hring-  
rásar-, húskerfa- og þrýstiaukadæla frá Grundfos. Farið er  
yfir helstu atriði sem líta að útreikningum á flæði og lyftigetu  
hringrásardæla og er þá horft til algengustu gerða þeirra:  
Alpha2 og Magna3. Uppsetningu og stillingu á stjórnkerfum  
dælanna verða gerð góð skil auk þess sem farið verður yfir  
tengingar við hússtjórnarkerfi. Jafnframt verður farið lauslega  
yfir þrýstiaukadælu fyrir t.d. hærri byggingar. Námskeiðið er  
haldið í samvinnu við Tengi ehf og Grundfos og er þátttak-  
endum að kostnaðarlausu.

**Dagstning:** Fimmtud. 22. sep. kl. 13:00-16:00. Lengd: 3 klst.

**Kennarar:** Björn Ágúst Björnsson, pípulagningameistari  
og Gylfi Már Bjarnason, söluamaður.

**Staðsetning:** IDAN fræðslusetur, Vatnagöðum 20.

**Tengiliður:** Birgir Hólm Ólafsson, Birgir@idan.is.



GROHE RAPIDO SMARTBOX  
SYSTEM

## Grohe Rapido Smartbox – Alhliða lausn fyrir innbyggð tæki frá Lagnadeild BYKO

Með tilkomu Smartbox er nú aðeins notuð ein týpa af boxi inn í  
vegginn fyrir margar mismunandi lausnir. Boxið er afar einfalt í  
uppsetningu og er sérlega nett, getur t.d farið í þunna múrveggi.  
Aðeins þarf 75mm veggþykkt fyrir boxið. Þrjú útgangar eru á box-  
inu og því hægt að tengja  
þrjú mismunandi hluti með  
sama boxinu eins og t.d bað-  
kar og sturtu. Margir myndu  
spyrja, hvað er það sem gerir  
Smartcontrol svona snjallt?  
Það er hægt að vera með  
alla þrjú útgangana í gangi  
í einu og stilla kraftin á  
hverjum fyrir sig. Hingað til  
hefur t.d. aðeins verið hægt  
að hafa höfuðúðara eða



handsturtu í gangi. Í þriggja  
takka tæki er hægt að velja  
að vera með höfuðúðara  
sem er með tveimur still-  
ingum og því hægt að hafa  
báðar stillingar í gangi í  
einu fyrir hina fullkomnu  
sturtu. Allar nánari upplýs-  
ingar á [www.byko.is](http://www.byko.is).

## Umhverfissvænn frostlögur

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfissvænt
- Léttir dælingu

**FERNOX**  
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás

Heilidsöludreifing  
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330  
[www.hringas.is](http://www.hringas.is)



Sérverslun fagmannsins  
Opnum kl. 8:00 alla virka daga

# Dælur og þjónusta á vegum Set ehf.

Þrátt fyrir að Set ehf. hafi fyrst og fremst verið leiðandi framleiðandi á rörum og lagnaefni hér á landi á undanföllum áratugum, þá hefur fyrirtækið einnig haft á að skipa afar sterkum bakhjörnum í hliðarefni sem tengjast framleiðsluvörum félagsins. Samskeytaefni og tengistykki af ýmsum gerðum, lokar og þenslueiningar frá viðurkenndum erlendum birgjum hafa fylgt með og stutt vel við lausn lagna-verkefna.

Nú hefur fyrirtækið breikkað þetta vörulag og bæst hafa við sterkir viðurkenndir framleiðendur á dælum fyrir lagnamarkaðinn og mun Set ehf. veita tæknilega þjónustu á því sviði á komandi árum.

Meðal helstu framleiðenda á því sviði eru þýska fyrirtækið Jung sem framleiðir dælur fyrir skolp og jarðvegsþurrkun. Jung hefur verið leiðandi í framleiðslu á dælum fyrir pípulagna-, verktaka- og veitumarkaðinn í meira en 90 ár.

Bandaríska fyrirtækið Gorman Rupp er annar mikilvægur nýr aðili í samstarfi við Set ehf. en þeir hafa verið fremsti framleiðandi í heimi á dælum fyrir fráveitukerfi síðan árið 1933. Á Íslandi fjölgar þeim sveitarfélögum sem nota Gorman Rupp dælur við skoldpælingu. Hægt er að fá stakar dælur eða tilbúnar dælustöðvar fyrir hin ýmsu verkefni en tæknideild Set ehf. veitir ráðgjöf og aðstoðar við útfærslu á slíkum lausnum sem sérsmíða- og vél-tæknideild taka að sér í góðri samvinnu við viðskiptavini fyrirtækisins.

Set væntir góðrar samvinnu við lagnamenn og hönnuði á þessu sviði. Sjá nánar á [www.daelur.is](http://www.daelur.is).



ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

ÍÐAN  
fræðslusetur

## Frágangur rakavarnarlaga

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarhluta sem mynda ytra byrði húsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur um hlutverk og frágang rakavarnarlaga og mikilvægi þess að rétt sé frá þeim gengið. Fjallað er um eiginleika og gerðir rakavarnarlaga, límbönd, þéttiefni og frágang þeirra. Farið er í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingarhluta.

**Dagsetning:** Fimmtd. 06.10. 2022 kl. 13:00-18:00.

**Lengd:** 5 klukkustundir.

**Kennari:** Jón Sigurjónsson, byggingaverkfræðingur.

**Staðsetning:** ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tengiliður:** Birgir Hólm Ólafsson, [birgir@idan.is](mailto:birgir@idan.is).

Þar sem tvær lagnir koma saman  
þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið byggi og kostnaðarhagkvæmni fylgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunnar til fráveitilagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörullunni er fjölbreytt úrval brunnar til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnar eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH: Hægt er að fá upphækkunir á alla brunnar.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnunum.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 120 Dalvík • Sími 460 5000 • [sales.europe@saeplast.com](mailto:sales.europe@saeplast.com) • [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com)

**sæplast**  
HILTI AF RPP GROUP

© Sæplast er áskrátt ávarnarmark og RPP GROUP



## Tengigrindur af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **íslenskar aðstæður**.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

Danfoss hf Skútuvogi 6, Reykjavík

ENGINEERING  
TOMORROW

**Danfoss**



# Tengi ehf. tekur nú fullan þátt í „Take Back“ endurvinnsluferfi fyrir Grundfos dælnar

Nú ætlar Tengri, umboðsaðili Grundfos á Íslandi, að gerast þátttakandi í Take Back áttakinu hjá Grundfos.

Arnar Árnason, sölu- og markaðsstjóri, efast ekki um gildi þess: „Samstarf við Grundfos í þessu mikilvæga sjálfbærniáttaki er eðlilegt skref fram á við fyrir okkur. Við höfum alltaf metið mikils samstarf við birgja sem sem og að fylgja ábyrgri umhverfisstefnu og við höfum einnig lagt áherslu á endurvinnslu í okkar fyrirtæki. Í stuttu máli sagt er nauðsynlegt að gæta vel að takmörkuðum auðlindum jarðar og endurnýting sem og endurvinnsla eru lykilatriði fyrir sjálfbæra framtíð“, segir Arnar. Strax árið 2012 byrjaði Grundfos á fyrsta endurvinnsluáttaki fyrirtækisins á hringrásardælum sem höfðu lokið líftíma sínum. Grundfos fékk mikilvæga reynslu af áttakinu og endurnýjaði það árið 2019 undir nafninu Grundfos Take Back.

Martin Andersen, sölustjóri Grundfos, fagnar ákvörðun Tengis: „Ég fagna því mjög að geta fært Take Back áttakið til Íslands, sem er nú þegar þekkt í heiminum sem frumkvöðull á sviði sjálfbærra lausna. Tengri er úrræðagott og metnaðarfullt fyrirtæki og þátttaka þeirra er eðlilegt framhald af faglegu samstarfi okkar, segi“, segir Martin.

**HÁMARKSENDURNOTKUN:** Grundfos Take Back endurvinnur allar útslitnar ALPHA, MAGNA, COMFORT og SCALA dælur og býður upp á auðveldu, aðgengilega og einfalda leið til að farga dælum sem ekki er hægt að nota lengur. Ferlið má útskýra í einföldu máli þannig að fyrirtæki sem taka þátt í áttakinu safna saman dælunum og þegar nægilegu magni hefur verið safnað senda þau beiðni til Grundfos um að láta sækja dælnar. Endursendar dælur eru teknar í sundur í hreina hráefnishluta og endurnýtanlega parta. Allt að 98% dælnanna eru endurnnar innan fyrirtækisins (til dæmis ál) og utan (til dæmis kopar) í samstarfi við sörpvinnsluvirkir sem hjálpa við að tryggja rétta meðhöndlun hráefnanna.

**MIKILVÆGT STARF:** Annar mikilvægur þáttur í Take Back áttakinu er að ferlið býður upp á verndaðan vinnustað fyrir fólk með skerta starfsgetu. Starfsfólkið er ráðið samkvæmt sérstökum samningum og starfar það án þess að þurfa að gangast undir hefðbundnar frammistöðumælingar. Það er afar mikilvægt fyrir starfsfólkið í endurvinnsluferlinu að geta

vaknað á morgnana og unnið þýðingarmikið starf sem hefur mikil áhrif á framtíð jarðarinnar og líðan þess sjálfs.

**NÆSTA SKREF – ENDURFRAMLEIÐSLA:** Grundfos vill víkka hringrásina út enn frekar og hefur byrjað á verkefnum sem rannsaka möguleikana á endurframleiðslu. Fleiri tæknileg verkefni eru í framkvæmd til að meta hagkvæmni endurframleiðslu á dæluhúsum, til dæmis. Á meðan haldið er áfram að endurvinnna sjaldgæf hráefni úr dælunum er endurframleiðsla mun umhverfisvænni en endurvinnsla. Sjá nánar á [www.tengi.is](http://www.tengi.is).



Vandaðir og góðir  
**VARMASKIPTAR.**

Margra ára  
reynsla á Íslandi.

Mikið magn  
á lager.

**VERKLAGNIR.IS**  
517 0270 - [verklagnir@verklagnir.is](mailto:verklagnir@verklagnir.is)

## STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólappallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er  
yðar hagur  
að skipta við  
fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – [www.pallaleiga.is](http://www.pallaleiga.is) – Netf. [pallaleiga@pallaleiga.is](mailto:pallaleiga@pallaleiga.is)



# A.Wendel ehf. stækkar og er nú með aukið vöruframboð fyrir pípulagn-ingamenn

A.Wendel ehf., sem hefur verið starfrækt frá árinu 1957, var nýlega að stækka við sig húsnæðið og taka í notkun 240 metra iðnaðarhúsnæði að Vagnhöfða 8 þar sem ætlunin er að vera með lager og verkstæði. Umsvif fyrirtækisins hafa aukist jafnt og þétt og því nauðsynlegt að bæta aðstöðuna. Verslunin verður þó áfram að Tangarhöfða 1.

Vöruframboð fyrirtækisins er alltaf að aukast og nýjar vörur og vörutegundir bætast við nánast í hverri viku. Framboð á vörum fyrir pípulagningarmenn hefur aukist til muna og bíður fyrirtækið upp á mjög gott úrval af hágæða kjarnaborvélum, steinsögum, fræsorum og kjarnaborstöndum frá ýmsum framleiðendum. Má þar m.a. nefna AGP, Hycon, Cardi, DR-Bender, Macroza og Adamas.

Hjá A.Wendel er jafnan fyrirliggjandi á lager mikið úrval og margar stærðir af kjarnaborum og framlengingum fyrir kjarnabora, auk úrvals af steinsagarblöðum og fræsihjólum. Þannig að alltaf er hægt að koma við í versluninni og fá slíkar vörur afgreiddar strax.

Gólfhitafræsariinn frá Adamas er í miklu upphaldi en hann er fyrirferðarlítil en mjög öflugur með breiðu demantssagarblaði.



Rikki sölumaður sýnir hér stoltur hluta af vöruúrvalinu.

Adamas gólfhitafræsariinn er ætlaður til að taka rásir fyrir gólfhitalagnir með 16 mm og 20 mm skurðarbreidd og er með mjög nákvæma handvirka dýptarstillingu. Gaman er einnig að benda á MACROZA lagnafræsari sem er léttur, fjölhæfur og öflugur fræsari fyrir vikurstein og frauðsteypu auk þess sem hann er mjög auðveldur í notkun. Þessi fræsari er kjörinn er til að vinna með þar sem þörf er á að hafa hreinan skurð til að forðast skemmdir á veggjum.

A.Wendel ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem hefur í yfir 60 ár byggt rekstur sinn í kringum innflutning og sölu á vélum, tækjum og verkfærum til verklegra framkvæmda. Fyrirtækið dregur nafn sitt af stofnandanum Adolf Wendel (1920-2004) sem stofnaði fyrirtækið árið 1957 en fyrirtækið er í dag í eigu sona hans Jóns og Friðriks Wendel sem hafa rekið

fyrirtækið frá árinu 2000.

Auk þess að selja áhöld fyrir pípulagnir selur fyrirtækið og flytur inn vörur, tæki og vélar frá öðrum stórum og þekktum framleiðendum svo sem gólflípivélur og iðnaðarrryksugur frá Husqvarna, snjómoksturstæki og saltdreifara frá Epoke, Hilltip, Överaasen, Westa og Riko, jarðvegsþjöppur, valtara, malbikunarvélur og malbiksstöðvar frá Ammann, götusópa frá Faun, holræsabúnað frá Rioned, umferðaröryggisbúnað frá Nissen, steypuverkfæri frá Kraft Tool, brotverkfæri frá Hycon, Aquajet og Brokk, fræsihjól, demantssagarblöð, dósabora, bollaskífur, og margt fleira frá ýmsum framleiðendum.

Sjá nánar á [www.wendel.is](http://www.wendel.is). Svo er alltaf heitt á könnunni og starfsmenn A.Wendel taka vel á móti öllum sem vilja kíkja við að Tangarhöfða 1 í Reykjavík.

**SABIANA**

Hitablásari með sterkt element úr stáli sem þolir hitaveituvatn.

**BYKO**

SABIANA Hitablaðarar, 7-10 kW.  
Vet. 29503913-25

Skoðaðu úrvalið í netverslun [isleifur.is](http://isleifur.is)

Þú finnur gæðin!

AXOR Ideal AXOR hansgrohe DURA VIT

**IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Smíðjuvegi 68 - 200 Kópavogi - Sími 412 1200 - [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

# FP tekur þátt í NEPU 2022 Ráðstefnu í ágúst í haust

Í ágúst 2022 munu fulltrúar stjórnar FP taka þátt í NEPU 2022 ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi og er samstarf milli Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og Íslands þar sem rafvirkjar og píparar hittast. Markmið og tilgangur ráðstefnunnar er að huga að þeirri tæknivæðingu sem er að eiga sér stað í þessum fögum og löngu orðið tímabært að rafvirkjar og píparar móti með sér sameiginlega stefnu þar sem kerfin okkar eru í stöðugri þróun. Sérstaða þessara faggreina á mannvirkjasviðinu er sérhæfing hverrar greinar fyrir sig og rafvirkjar og píparar eiga margt sameiginlegt þar sem bæði fögin sjá um að koma lögnum og stjórnþáttum fyrir víðsvegar um hin ýmsu mannvirki. Mikill áhugi hefur komið frá Svíum og Dönnum við að ná fram samlegðaráhrifum sendinefnda pípara og rafvirkja í Brussel. Mikilvægt er að fagfélög umræddra landa komi sér saman um gott verklag og samstarf þar sem uppsetning lagna og kerfa eru samræmd í sameiningu áður en skilað verður til verkkaupa. Á fyrirhugaðri ráðstefnu fær FP tækifæri til þess að taka þátt og koma að mótun stefnunnar sem er mjög spennandi og gefur FP tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, lögg. pípulagningameistari.*

# Niðurstöður aðildarkosninga að SI og SA í tölum

Félag Pípulagningameistara (FP) var með rafræna kosningu á meðal félagsmanna FP um aðild að Samtökum iðnaðarins (SI) og Samtökum atvinnulífsins (SA). SI eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. Á kjörskrá voru 141 aðalfélagar FP en aukafélagar í FP voru ekki á kjörskrá. Kjörsókn var um 58% þar sem 82 kusu. Af þeim sem kusu sögðu 65 já við inngöngu 15 sögðu nei og 2 skiluðu auðu. Það er mjög jákvætt að niðurstaðan er afgerandi þar sem um 80% þeirra sem kusu sögðu já og að félagsmenn eru tilbúnir að gefa þessu tækifæri. Umræðan um aðild að SI og SA er búin að fara í gegnum tvo aðalfundi FP þar sem samþykkt var að halda aðildarviðræðum áfram. Stjórn FP mun fljótlega hitta fulltrúa SI og SA til að klára samninginn og til að fara yfir helstu áhersluatriði FP varðandi hagsmunamál okkar og verður það kynnt félagsmönnum á næstu vikum og þá einna helst hvað við sem félag viljum fá út úr þessu samstarfi.

Til að kjósa þurftu félagsmenn að fara inn á heimasíðu FP piparinn.is, smella þar á hlekk og auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Advania sá um kosninguna fyrir FP. Kosningin var opin frá 20.-31. maí til að gefa öllum aðalfélögum FP færi á að kjósa þar sem félagsmenn voru reglulega minntir á kosninguna.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, lögg. pípulagningameistari.*



## Innréttingar & tæki: – Sturtuklefinn með „FAST FIX“ system samsetningarkerfi

Loksins geta menn sett saman sturtuklefan án þess að þurfa að óttast að hann leki. Það er framkvæmanlegt með nýja „FAST FIX“ system kerfinu sem nú er loksins aftur fáanlegt hjá Innréttingum og tækjum, Ármúla 31 í Reykjavík.

„FAST FIX“ system, er kerfi, sem þýðir að hverri hlið er smelt saman og nú geta allir sett saman sturtuklefan á einfaldan, fljótlegan og þægilegan máta; og engin leka-vandamál á eftir. Engar skrúfur, ekkert silikon.

Það skemmtilega við smellu-klefana er líka að þeir eru með þili í horni þar sem hægt er að setja við hvaða blöndunartæki sem er; meira að segja látið drauminn rætast og fengið sér þennan gamla góða „ömmuhaus.“

Og ekki skemmir svo fyrir að þeir eru líka með svörtum áherslulínum í ramma og gleri, eru því svo sannarlega nútímalegir í hönnun og útliti.

Í þessum klefum er líka kominn stærri vatnslás en verið hefur í hefðbundnum klefum, sem gerir alla umgengni og þríf þægilegri.

Klefanir með „FAST FIX“ system smellukerfinu koma í tveimur stærðum, 80x80 cm og 90x90 cm.

Klefanir eru fáanlegir bæði í rúnuðu og ferköntuðu útliti. Sturtubotninn sjálfur er hvítur. Grind er undir og með lausri svuntu.

Kíkið inn á i-t.is og skoðið úrvalið.



Komdu í  
stærstu  
vefverslun  
landsins  
fyrir vatnsveitu  
og pípulagnir

[vatnogveitur.is](http://vatnogveitur.is)

# Gæðakerfisnám- skeið verður hald- ið í haust fyrir pípu- lagningameistara FP

Samkvæmt lögum um mannvirki, 2010 nr. 160 28. desember, áttu iðnmeistarar að hafa innleitt hjá sér gæðakerfi fyrir 1. janúar 2015 fyrir byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og í framhaldinu sækja um virkniskoðun á gæðakerfinu. Í byrjun janúar 2015 kom í ljós að ekki var búið að manna skoðunarstofur til að taka út gæðakerfin og tók smá tíma að undirbúa slíkt fyrirkomulag. Flestir fóru síðan með gæðakerfin sín í skoðun til Frumherja sem er viðurkennd skoðunarstofa fyrir gæðakerfi í byggingariðnaði.

Boðuð var bylting í byggingariðnaði þar sem allar áfangaúttektir áttu að fara í gegnum app sem hét Byggingargáttin en flöskuhálsin var að eingöngu var hægt að virkja appið í gegnum Android stýrikerfi sem þótti ekki standast samkeppnislög.

Mannvirkjastofnun sameinaðist síðan Íbúðalánasjóði 2019 og úr varð Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Eftir sameiningu kom í ljós að HMS getur ekki, lögum samkvæmt, verið með app fyrir Byggingargátt þar sem hið opinbera má ekki, lögum samkvæmt, bjóða upp á slíkt í samkeppni við hinn frjálsa markað, sem býður upp á álfika þjónustu, að vera með gæðakerfið rafrænt.

HMS er að kalla inn alla þá, sem lögum samkvæmt, þurfa að hafa gæðakerfi í byggingariðnaði, til að kanna hvort viðkomandi aðilar séu að nota gæðakerfin rétt. HMS hefur verið að kalla inn alla skráða byggingarstjóra og hafa fjölmargir verið teknir af skrá, misst starfsleyfið, þar sem engin virkni var í gæðakerfinu. Næst stendur til að kalla inn alla hönnuði og síðan kemur röðin að iðnmeisturum sem eru með gæðakerfi, sem er forsenda þess að mega taka að sér verk sem eru úttektarskyld.

HMS hefur fengið þetta göfuga hlutverk, að vera okkur iðnmeisturum innan handar varðandi gæðakerfi í byggingariðnaði. HMS hefur í sínum röðum mjög hæft starfsfólk til að vinna vel að þessum málum en það sem þarf að passa upp á er að koma skilaboðum reglulega til iðnmeistara þegar breytingar eiga sér stað þar sem gæðakerfið er í stöðugri endurskoðun. Að sama skapi verða iðnmeistarar að fylgjast með því sem er að eiga sér stað hvað þessi mál varðar.

Námskeiðið Gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara er til að útskýra lið fyrir lið út á hvað gæðakerfið gengur og hver sé hugsunin á bakvið gæðakerfið. Þeir sem fengu gæðakerfi 2015 eru komnir á tíma með að uppfæra yfir í útgáfu HMS. Þeir sem ekki eru með gæðakerfi, þá nýfast kennslugögnin á þessu námskeiði sem grunnur að gæðakerfi þar sem eingöngu þarf að færa inn viðeigandi upplýsingar um viðkomandi iðnmeistara.

Að námskeiði loknu geta iðnmeistarar mátá sig við rafræn gæðastjórnunarkerfi ef þeir kjósa að gera slíkt. Það er undir hverjum og einum komið hvort gæðakerfið sé rafrænt eða í pappírformi. Undirritaður er þeirrar skoðunar að betra er að læra á gæðakerfið áður en farið er út í rafrænt gæðakerfi svipað og betra er að læra að hjóla áður en tæknilegasta hjólið er keypt. Námskeiðið er unnið upp úr Skoðunarhandbók gæðastjórnunarkerfis iðnmeistara 9.001-3.

Til stendur að kalla inn alla þá aðila sem eru með gæðastjórnunarkerfi inn í virkniskoðun á 5 ára fresti. Námskeiðið er liður í því að undirbúa iðnmeistara fyrir næstu virkniskoðun sem er handan við hornið.

**Böðvar Ingi Guðbjartsson, lögg. pípu-  
lagningameistari.**

 **PENTAIR**  
JUNG PUMPEN

  
www.set.is

## TRAUSTAR BRUNNDÆLUR FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree

**Set | Rör | Dælur | Tengistykki**

Við tökum vel á móti þér að Klettagördum 21  
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is

**BLÅKLÄDER**  
WORKWEAR



www.sindri.is

**SINDRI**



TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN  
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málið á [birta.is](http://birta.is)

**BIRTA**  
LÍFEYRISJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | [birta.is](http://birta.is)

ÖFLUG VERKFÆRI FYRIR PÍPULAGNIR



Steinsagir  
Kjarnborvélur  
Göfthúfresorar  
Steinsagarbiöð  
Vatnsugur  
Kjarnborar  
Kjarnborstakar  
Tveggjábásagir  
Lagnafresorar

**Wendel**  
TANGARHÖFÐA 1  
110 REYKJAVÍK  
S: 551 5464  
[wendel.is](http://wendel.is)

UMBORÐSABILI Á ÍSLANDI FYRIR:  
ADAMAS, AGP, CARDI, DR-BENDER, HUSQVARNA og MACROZA



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÖF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
BÍLGREINASVIÐ  
MATVÆLA- OG VETTINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á [IDAN.IS](http://IDAN.IS)



**IDAN**  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)